

fram í rishæð þessari í þágu rannsóknar meintra fíkniefnabrota Karvels, enda ekki fullljóst, hvernig nefndri leigu er háttað.

Við rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslum skiptaráðandans í Reykjavík og fjárúttekt úr þeim hefur komið fram sterkur grunur um, að hinu svikna fé hafi verið varið að verulegum hluta til kaupa á fíkniefnum. Kveðst einn hinna grunuðu í nefndu fjársvikamáli vita til þess fyrir víst, að í maí og júní sl. hafi annar, sem er grunaður í sama máli, í fjögur skipti afhent Karvel fíkniefni. Taldi hann Karvel hafa átt að selja fíkniefnin fyrir aðilja þennan.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, leikur grunur á fíkniefnamisferli Karvels Gränz, sbr. 173. gr. a alm. hgl. og 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974. Hann er eigandi hússins á Hafnargötu 20, Keflavík, og kveðst hafa leigt rishæðina Nönnu Karlsdóttur. Rétt þykir þó, eins og innangi upp á rishæðina er háttað, að leyfa leit þar að fíkniefnum og munum, er þeim geta tengst, samkv. 48. gr. laga nr. 74/1974. Heimildin nær til læstra hirslna, og leggja má hald á sakargögn, sem finnast kunna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Heimilt er að leita fíkniefna og annarra muna, er þeim kunna að tengjast, í rishæðinni á Hafnargötu 20, Keflavík, eign Karvels Gränz, en sögð leigð af Nönnu Karlsdóttur, og leggja hald á slík efni og muni, sem finnast kunna. Heimild þessi nær til læstra hirslna.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 154/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Karvel Gränz

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru

skráðri í þingbók sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m. Krefst varnaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. ágúst 1984.

Ár 1984, sunnudaginn 26. ágúst, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Rvk., af Guðjón St. Marteinsyni ftr. við undirritaða votta kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik

Undanfarnar vikur hefur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins staðið yfir mjög umfangsmikil rannsókn á meintum auðgunarbrotum nokkurra nafngreindra aðilja.

Hefur sparisjóðsbókum verið stolið úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur og tekið fé út af sparisjóðsbókum, samtals að fjárhæð kr. 1.395.000.-

Undir rannsókn máls þessa hefur verið leitt í ljós með framburðum tveggja meintra aðalmanna auðgunarbrotanna svo og með framburðum nokkurra nafngreindra aðilja, að framangreindir tveir aðalmenn í auðgunarbrotum, þeir Kristján Aðalsteinsson og Ingólfur Sigurz, hafa á því tímabili, er brotin stóðu yfir, haft undir höndum og verslað með verulegt magn ávana- og fíkniefna. Um er að ræða hass, amfetamín og kókaín.

Ingólfur Sigurz var yfirheyrður hjá lögreglu 23. ágúst sl. og bar þá um fíkniefnakaup Karvels Gränz af Kristjáni Aðalsteinssyni. Ingólfur kvað sig í fjögur skipti hafa verið staddan á heimili Kristjáns Aðalsteinssonar, er þangað hafi komið Karvel Gränz. Ingólfur kvað Karvel hafa verslað fíkniefni við Kristján (sic) og hafi Kristján nefnt við sig (Ingólf), að komið væri fram yfir skilátíma. Ingólfur taldi, að Kristján hefði ekki minnst á nefnt uppgjör nema af því að um verulega peningaupphæð hlyti að vera að ræða.

Gerð var húsleit að Hafnargötu 20, Keflavík, heimili Karvels Gräns í gær-dag. Karvel vísaði lögreglu á 1 gramm af hassi, er hann hafði í sínum fór-um. Þá lagði lögreglan við húsleitina hald á muni og áhöld, er samfara eru meðferð fíkniefna.

Nanna S. Karlsdóttir var yfirheyrð hér fyrir dómi í gærðag, og kvað hún Karvel Gränz oft hafa veitt sér fíkniefni til neyslu. Þá kvaðst Nanna vita af fíkniefnakaupum Karvels hér í borg oft í samskoti með kunningjum. Þá kvaðst Nanna oft verða vör við fíkniefnameðhöndlun í íbúð Karvels Gränz, en Nanna býr í risíbúð fyrir ofan íbúð Karvels.

Björn Eggert Kristjánsson, sem leigir herbergi í íbúð þeirri, er Karvel Gränz er eigandi að og býr í, kveðst margsinnis hafa orðið vitni að því, er Karvel Gränz hafi verið að vigta fíkniefni í áðurnefndri íbúð og hafi magn fíkniefna verið meira en svo, að þau hafi getað verið til einkanota Karvels. Karvel hafi m.a. vegið fíkniefni niður í 5 gramma pakkningar.

Einar Ólafur Hannesson bar hjá lögreglu í dag að hafa ofsinnis ekið Karvel Gränz á heimili Kristjáns Aðalsteinssonar, en ekki vita um hugsanleg fíkniefnaviðskipti þeirra. Einar kvaðst vita um fíkniefnameðhöndlun Karvels, þó ekki alveg nýlega.

Kristján Aðalsteinsson hefur ekki borið að hafa selt Karvel Gränz fíkniefni, en framburðir Kristjáns undir rannsókn málsins hafa verið breytilegir.

Karvel Gränz var yfirheyrður hér fyrir dómi í gærðag og bar þá um ítrekuð kaup sín á hassi til eigin nota.

Karvel kvaðst ávallt kaupa fíkniefni af sér ókunnum aðiljum og ekki hafa verslað fíkniefni við Kristján Aðalsteinsson (sic), sem Karvel kvaðst þekkja vel.

Niðurstöður.

Svo sem skjöl málsins bera með sér, eru fram komnar sterkar líkur fyrir því, að verulegur hluti þess fjár, er tekinn var út af sparisjóðsbókum, er stolið var úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur, hafi verið varið til fíkniefnakaupa. Þeir aðiljar, er nú sitja í gæsluvarðhaldi vegna ofangreinds máls, þeir Ingólfur Sigurz og Kristján Aðalsteinsson, eru hér við dóm kunnir af áralangri meðferð ávana- og fíkniefna. Karvel Gränz hefur einnig margoft gerst sekur um fíkniefnabrot.

Ráða má af framlögðum skjölum og með sérstakrar vísunar (sic) til framburðar Ingólfs Sigurz og að hluta með vísan til framburðar Einars Ólafs Hannessonar, að sterkar líkur eru fyrir fíkniefnasamskiptum Kristjáns Aðalsteinssonar og Karvels Gränz.

Framburðir Björns Eggerts Kjartanssonar og Nönnu S. Karlsdóttur benda og til verulegs fíkniefnamisferlis Karvels Gränz, sem sjálfur hefur borið, að hann kaupir sér fíkniefni til eigin nota. Þá benda munir og áhöld, er fundust á heimili Karvels við hútleit í gærðag, til meðferðar fíkniefna. Eftir er að yfirheyra Karvel mun ítarlegar um meðferð fíkniefna svo og hugsanleg vitni og samseka.

Verið er að rannsaka meint brot Karvels Gränz á lögum nr. 65, 1974

og rg. nr. 390, 1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Karvel fangelisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um gæsluvarðhald yfir Karvel Gränz í þágu rannsóknar málsins.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt (sic) til miðvikudagsins 12. september 1983, kl. 17.50, að telja.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, til heimilis að Hafnargötu 20, Keflavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. sept. 1984, kl. 17.50, að telja.

Miðvikudaginn 5. september 1984.

Nr. 158/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti sama dag.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttr verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur krafist staðfestingar úrskurðarins, en jafnframt tekið fram í greinargerð sinni til Hæstaréttar, að ákærvaldið telji ekki, að framkomin rannsóknargögn veiti efni til að ætla, að varnaraðili hafi gerst sekur um brot á 173. gr. a almennra hegningarlaga.